

EFNISTAKA ÚR FARVEGI MÚLAKVÍSLAR OG BYGGING VARNARGARÐA Á MÝRDALSSANDI Í MÝRDALSHREPPI

Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði sjónræn áhrif. Ekki er talið að efnistakan muni breyta ásýnd svæðisins og munu ummerki efnistökkunnar hverfa á skömmum tíma þar sem áin mun sjá sjálf um að fylla og aðlaga efnistökusvæðið með framburði sínum.

Varnargarðarnir kunna að verða sýnilegir í sléttu landslagi sem einkennir Mýrdalssand. Verða þeir fyrst og fremst áberandi á tiltölulega stuttum kafla þeim sem aka í austur yfir Múlakvísl. Efni og áferð varnargarða er það sama og er í farvegi Múlakvíslar þannig að þeir munu falla eins og kostur er að umhverfinu og draga úr áhrifum þeirra á ásýnd landslag. Skipulagsstofnun telur því að sjónræn áhrif framkvæmdanna verði óveruleg.

Framkvæmdirnar munu geta haft truflandi áhrif á vegfarendur sem eiga leið um Hringveginn, helst vegna aksturs vinnuvéla um veginn, en þau áhrif verða bundin við framkvæmdatíma. Skipulagsstofnun telur brýnt að gætt sé öryggis vegfarenda um vinnusvæðið á framkvæmdatíma.

1	INNGANGUR	3
1.1	Athugun Skipulagsstofnunar	3
1.2	gögn lögð fram við athugun Skipulagsstofnunar	3
2	FRAMKVÆMD og markmið	3
3	NIÐURSTAÐA um mat á umhverfisáhrifum	4
3.1	Áhrif á menn og samfélag	4
3.1.1	Sjónræn áhrif	4
3.2	Áhrif á náttúrufar	5
3.3	Staða skipulags og leyfisveitinga	5
4	Niðurstaða Skipulagsstofnunar	6



1 INNGANGUR

1.1 ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Þann 13. mars 2013 sendi VSÓ ráðgjöf f.h. Vegagerðarinnar, frummatsskýrslu um efnistöku úr farvegi Múlakvíslar og byggingu varnargarða á Mýrdalssandi í Mýrdalshreppi til athugunar hjá Skipulagsstofnun, samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Framkvæmdin og frummatsskýrslan voru auglýst opinberlega þann 21. mars 2013 í Lögbirtingablaðinu og Fréttablaðinu. Frummatsskýrsla lá frammi til kynningar frá 21. mars til 3. maí 2013 á skrifstofu Mýrdalshrepps, Héraðsbókasafni Vestur-Skaftafellssýslu, í Þjóðarbókhöðunni og hjá Skipulagsstofnun. Frummatsskýrslan var einnig aðgengileg á Netinu: www.vso.is. Skipulagsstofnun leitaði umsagnar Mýrdalshreppshrepps, Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Orkustofnunar og Umhverfisstofnunar. Á kynningartíma barst Skipulagsstofnun engin athugasemd. Skipulagsstofnun sendi umsagnirnar til VSÓ.

Þann 14. maí 2013 sendi VSÓ ráðgjöf, f.h. Vegagerðarinnar, matsskýrslu um efnistöku úr farvegi Múlakvíslar og byggingu varnargarða á Mýrdalssandi í Mýrdalshreppi til Skipulagsstofnunar og óskað eftir álitni stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar.

1.2 GÖGN LÖGÐ FRAM VIÐ ATHUGUN SKIPULAGSSTOFNUNAR

Frummatsskýrsla. Efnistaka úr farvegi Múlakvíslar og bygging varnargarða á Mýrdalssandi í Mýrdalshreppi. Mars 2013, Vegagerðin/VSÓ Ráðgjöf.

Umsagnir bárust frá:

- Mýrdalshreppi með bréfi dags. 8. apríl 2013.
- Heilbrigðiseftirliti Suðurlands með bréfi dags. 5. apríl 2013.
- Orkustofnun með bréfi dags. 6. maí 2013.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 10. apríl 2013.

Athugasemdir bárust frá:

Engin athugasemd barst á kynningartíma.

Matsskýrsla: Efnistaka úr farvegi Múlakvíslar og bygging varnargarða á Mýrdalssandi í Mýrdalshreppi. Maí 2013, Vegagerðin/VSÓ Ráðgjöf.

2 FRAMKVÆMD OG MARKMIÐ

Vegagerðin áformar að endurreisa þau mannvirki í Mýrdalshreppi sem skemmdust í jökulhlaupi í Múlakvísl sumarið 2011 en við hlaupið rofnaði Hringvegurinn um tíma. Framkvæmdin miðar að því að endurreisa brú yfir Múlakvísl á Mýrdalssandi í sömu veglínu um 250 m austan við gömlu brúna ásamt gerð varnargarðs 5.200 m austan árið ofan Hringvegar. Fyrirhugaðir varnargarðar miða að því að stýra rennsli Múlakvíslar undir brúna og verja um leið önnur mannvirki (vegi). Nýir varnargarðarnir verða mun efnismeiri og lengri en þeir sem voru til staðar fyrir jökulhlaupið.

Fram kemur að tilgangur framkvæmdarinnar sé að tryggja samgöngur um Hringveginn yfir Mýrdalssand með þeim hætti að vegamannvirki standist viðlíka álag og var í jökulhlaupinu árið 2011. Jökulhlaupið rauf Hringveginn og skapaði veruleg

óþægindi fyrir vegfarendur á leið um Mýrdalsand sem og aðra hagsmunaaðila á svæðinu.

Efnistaka

Fram kemur að áætlað efnismagn til framkvæmdanna sé um 360.000 m³ af mól. Gert sé ráð fyrir að 320.000 m³ verði teknir úr farvegi Múlakvíslar ofan brúar, vestan megin, úr námu E8. Þá verði tekin um 40.000 m³ úr námu E20 sem sé úr nýjum farvegi við brúna. Fyrirhugað sé að taka 1-2 m þykkt lag úr farveginum í hvorri námu, til byggingar varnargarða um 220.000 m³ og vegar um 100.000 m³.

Efnið úr námu E8 verður flutt stystu leið yfir árfarveginn í varnargarðana og því mun efnistakan ekki hafa nein áhrif á umferð um Hringveginn.

Þá kemur fram að sækja þurfi 45.000 m³ af efni í grjótvörn varnargarða og veg í námu úr hrauni austan Dýralækja á Mýrdalssandi, um 20 km austan við Múlakvísl.

Á framkvæmdartíma megi því gera ráð fyrir aukinni umferð flutningabíla um Hringveginn á kaflanum milli Dýralækja og Múlakvíslar. Til að stuðla að umferðaröryggi á framkvæmdatíma mun Vegagerðin merkja með öryggismerkingum og upplýsingaskiltum þar sem þungabílar munu fara af og á Hringveg.

Varnargarðar

Í matsskýrslu kemur fram að áætlað sé að byggja 5.200 m langa varnargarða í farvegi Múlakvíslar, austan árinna ofan Hringvegur. Um er að ræða um 2.600 m langan ógrjótvarinn bakgarð og út frá honum 12 grjótvarða leiðigarða, á norðurhlíð þeirra, sem samtals eru um 2.600 m.

3 NIÐURSTAÐA UM MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM

3.1 ÁHRIF Á MENN OG SAMFÉLAG

3.1.1 Sjónræn áhrif

Fram kemur að áhrif fyrirhugaðra framkvæmda á ásýnd landslags verði einkum af tvennum toga. Annars vegar áhrif vegna efnistöku og hins vegar áhrif vegna varnargarða.

Efnistaka. Fram kemur að áhrif efnistöku á ásýnd landslags felist fyrst og fremst í því að yfirborði farvegarins sé raskað og telur framkvæmdaraðili að þau áhrif séu líkleg til að vera óveruleg þar sem þau breyti ekki ásýnd landslags eða einkennum þess. Áhrifin eru einnig metin tímabundin þar sem áin muni sjá um að jafna út verksummerki efnisnámsins. Áhrifin séu líkleg til að vera mest á framkvæmdartíma, sérstaklega varðandi námu E20, þar sem hún er staðsett við Hringveginn og því vel sýnileg vegfarendum.

Varnargarðar. Framkvæmdaraðili telur að varnargarðarnir verði sýnilegir í sléttu landslagi sem einkenni Mýrdalssand. Þeir verði þeir fyrst og fremst áberandi á tiltölulega stuttum kafla þeim sem aka í austur yfir Múlakvísl. Fjarlægð þar sem þeir eru næst Hringveginum sé um 800 m.

Fram kemur að varnargarðarnir standi lægra í landinu en Hringvegurinn þar sem áin hefur grafið farveginn nokkuð niður í sandinn og dragi úr áhrifum á ásýnd. Bakkar landbrotsins austan árinna eru allt að 10 m á hæð. Efni og áferð varnargarða verði það sama og í farvegi Múlakvíslar þannig að þeir munu falla eins og kostur er að

umhverfinu og draga þannig úr áhrifum þeirra á ásýnd landslags. Grjótövn á norðurhlið varnargarða verður hins vegar gerð úr hrauninu austan Dýralækja og því meira áberandi en annað efni sem notað verður í varnargarðana. Áhrifin eru þó metin óveruleg þar sem þeir snúa í norður og því ekki áberandi þeim sem aka um Hringveginn.

Á heildina lítið metur framkvæmdaraðili áhrif varnargarða óverulega neikvæð á ásýnd landslags þar sem áhrifin breyti lítið einkennum umhverfisþáttar og þau séu staðbundin og nái til lítils fjölda fólks. Áhrifin eru metin til langs tíma og afturkræf.

Frágangur

Framkvæmdaraðili greinir frá að frágangi varnargarðanna verði háttað þannig að þeir falli eins og kostur er að umhverfinu. Áferð og efni þeirra verði það sama og í farvegi Múlakvíslar og því í samræmi við nærumhverfi.

Umhverfisstofnun bendir á í umsögn sinni að gæta þurfi þess að efnistakan fari fram nægilega fjarri grónum hlíðum vestan Múlakvíslar þannig að ekki skapist þar hætta á rofi.

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif efnistöku verði einkum bundin við framkvæmdatíma og séu að fullu afturkræf þar sem áin sjái um að hylja ummerki hennar. Varnargarðarnir verða sýnilegir á stuttum kafla á Hringvegi 1 en þar sem notast verður við sama efni og er í farvegi árinna má búast við að sjónræn áhrif verði óveruleg. Skipulagsstofnun tekur undir þau tilmæli Umhverfisstofnunar að efnistöku verði þannig háttað að ekki skapist hætta á rofi í grónum hlíðum vestan Múlakvíslar.

3.2 ÁHRIF Á NÁTTÚRUFAR

Í tillögu að matsáætlun var fjallað um framkvæmdaþætti sem valdið gætu áhrifum. Þar kom fram að ekki yrði lagt mat á gróður, fuglalíf, landdýr, fiska, fornleifar og útivist, þar sem fyrirhugaðar framkvæmdir myndu ekki hafa áhrif á þessa umhverfisþætti. Skipulagsstofnun var sammála Vegagerðinni um þessar áherslur og taldi ekki tilefni til að meta áhrif framkvæmdanna á ofangreinda umhverfisþætti.

3.3 STAÐA SKIPULAGS OG LEYFISVEITINGA

Varðandi stöðu skipulags og leyfisveitinga vegna efnistöku úr farvegi Múlakvíslar og byggingu varnargarða á Mýrdalssandi bendir Skipulagsstofnun á eftirfarandi:

- Framkvæmdin kallar á breytingu á Aðalskipulagi Mýrdalshrepps.
- Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Mýrdalshrepps skv. 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.
- Framkvæmdin er háð leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands samkvæmt reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun.
- Framkvæmdin er háð leyfi Orkustofnunar vegna breytinga á vatnsfarvegi Múlakvíslar í samræmi við 75. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

4 NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Í samræmi við 11. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og 24. gr. reglugerðar nr. 1123/2005 um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir matsskýrslu Vegagerðarinnar sem lögð var fram samkvæmt 10. gr. sömu laga. Matsskýrsla Vegagerðarinnar byggði á auglýstri frummatsskýrslu, umsögnum og athugasemdum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og afstöðu Vegagerðarinnar til þeirra.

Skipulagsstofnun telur að matsskýrsla Vegagerðarinnar hafi uppfyllt skilyrði laga og reglugerðar um mat á umhverfisáhrifum hvað varðar þau atriði sem getið er í 18. grein reglugerðar nr. 1123/2005. Einnig telur stofnunin að í matsskýrslu sé gerð grein fyrir umsögnum sem bárust á kynningartíma frummatsskýrslu og þeim sé svarað á fullnægjandi hátt.

Það niðurstaða Skipulagsstofnunar að sýnt hafi verið fram á nauðsyn efnistöku úr farvegi Múlakvíslar og byggingu varnargarða á Mýrdalssandi í Mýrdalshreppi til að tryggja samgöngur um Hringveginn yfir Mýrdalssand.

Skipulagsstofnun telur að helstu áhrif framkvæmdarinnar verði sjónræn áhrif. Áhrif af efnistöku verða bundin við framkvæmdatíma þar sem efnistökusvæðin eru sýnileg frá Hringveginum. Skipulagsstofnun telur að efnistakan muni ekki breyta ásýnd svæðisins og ummerki efnistökkunnar hverfa á skömmum tíma þar sem áin mun sjá um að fylla og aðlaga efnistökusvæðið með framburði sínum. Skipulagsstofnun telur að varnargarðarnir kunni að verða sýnilegir í sléttu landslagi sem einkennir Mýrdalssand. Þeir verða fyrst og fremst áberandi á tiltölulega stuttum kafla þeim sem aka í austur yfir Múlakvísl. Þar sem efni og áferð varnargarða verður það sama og er í farvegi Múlakvíslar munu þeir falla eins og kostur er að umhverfinu og þar með mun draga þannig úr áhrifum þeirra á ásýnd landslag.

Skipulagsstofnun telur að sjónræn áhrif framkvæmdanna verði óveruleg.

Þá telur Skipulagsstofnun að framkvæmdirnar geti haft truflandi áhrif á vegfarendur sem eiga leið um Hringveginn, helst vegna aksturs vinnuvéla um veginn, en þau áhrif verða bundin við framkvæmdatíma. Því telur Skipulagsstofnun brýnt að vel sé hugað að umferð um vinnusvæðið á framkvæmdatíma.

Skipulagsstofnun telur að hvernig til tekst um áhrif framkvæmdarinnar og starfsemi sem henni fylgir á umhverfið sé háð verktilhögun sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Reykjavík, 31. maí 2013.

Rut Kristinsdóttir

Valur Klemensson